

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 12. maí 2022  
UST202204-064/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga Deiliskipulag – Útey 2 - frístundasvæði í Mýrarskógi - Bláskógabyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 6. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð fyrir Útey 2 í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið gerir ráð fyrir tíu frístundalóðum á um 8 ha. landi. Auk þess kemur fram að heimilt er að reisa frístundahús skv. nýtingarhlutfalli, sem er 0,03, gestahús að hámarki 40 m<sup>2</sup> að stærð og geymslu allt að 15 m<sup>2</sup>. Einnig kemur fram að nú þegar hafa sex lóðir verið byggðar.

### **Skóglendi**

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt vistgerðarkorti NÍ er svæðið skilgreint sem skóglendi, auk þess bendir stofnunin á að á lóðunum austan Tunguvegar er skilgreindur náttúruskógur samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar.

Ekki kemur fram í tillögunni hvort að skógurinn falli undir b. lið. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.<sup>1</sup>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett séu skilyrði í deiliskipulagstillögunum sem miða að því að vernda náttúruskóginn.

---

<sup>1</sup> <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplysingar>



**UMHVERFIS**

STOFNUN

Með tilliti til landslags og ásýndar telur Umhverfisstofnun að sett skuli skilyrði og lögð áhersla á íslenskar og lágvaxta trjátegundir þegar kemur að gróðursetningu á frístundalóðum. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að setja í skilmála að forðast skuli að gróðursetja furu, ösp og grenitré.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

*sérfræðingur*

Björn Stefánsson

*sérfræðingur*